

Fundargerð

Skólanefnd.

16. fundur

Skólanefndarfundur haldinn í Reykjahlíðarskóla 24. mars 2009 kl. 16:30

Mættir voru Hrafnhildur Geirsdóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Ásdís Jóhannesdóttir, Jóhann Böðvarsson, Þórarinn Pálmi Jónsson, Auður Jónsdóttir og Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

1. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Áætlun næsta skólaárs.

Sólveig kynnti tillögu að kennslustundamagni og skólaakstri fyrir skólaárið 2009 – 2010. Vikulegur kennslustundafjöldi verður sá sami og á síðasta skólaári og akstur skipulagður með sama hætti. Áætlaður nemendafjöldi næsta ár eru 49 nemendur.

Sólveig leggur til að kennslustundamagn verði 187 tímar á viku en á síðasta skólaári var úthlutað 232 tímum. Auk þess sækir hún um að ráða 2 stuðningsfulltrúa í 150% stöðugildi. Sjá meðfylgjand bréf þessa efnis.

Skólanefnd mælir með að tillaga Sólveigar verði samþykkt.

Sólveig kynnti skóladagatal skólaárið 2009 – 2010 og samþykkir skólanefnd skóladagatalið.

3. Önnur mál.

Kostnaður vegna aðfanga í mötuneyti hefur hækkað mjög mikið undanfarna mánuði.

Óumflýanlegt er að hækka gjaldið og er tillaga frá skrifstofustjóra Skútustaðahrepps að hækkun verði eftirfarandi:

Morgunverður fer úr 75,- í 115,-

Hádegisverður fer úr 190,- í 285,-

Skólanefnd mælir með að farið verði að tillögu skrifstofustjóra.

Skólanefnd mælir einnig með að uppgjör mötuneytis eftir skólaárið verði sent foreldrum til upplýsinga.

Fundi slitið kl. 17:45

Hrafnhildur Geirsdóttir.

Ásdís Jóhannesdóttir

Jóhann Böðvarsson.

Steinunn Ósk Stefánsdóttir.

Þórhalla Valgeirsdóttir.